

Nafn námskeiðs: **Barrblokk**

Staðsetning: Grænilundur í útistofu í Heiðmörk

Tengt: Miðstigi (5.-7. bekkur), Náttúrufræði

Nánari lýsing:

Barrblokk

Viðfangsefni: Trjágreining, tré skoðað sem búsvæði.

Aldur: Miðstigi.

Árstími: Allir.

Tími: 2 kennslustundir.

Stutt lýsing: Nemendahópar velja sér tré til að skoða. Tegund trésins er greind með hjálp greiningarlykils. Dúkur er lagður í kring um tréð og það hrist varlega. Smádyr og það sem fellur til er skoðað og rannsakað. Tréð er skoðað sem búsvæði.

Kennslugögn: Upplýsingabæklingur, hvítir dúkar, Greiningarlykill –dúkur, greiningalykill um tré og runna; Sveinbjörn Markús Njálsson (1991). *Ég greini tré*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Framkvæmd

Kveikja: Kennari sýnir nemendum tré sem hann hefur greint. Kennari biður nemendur um að giska á hve margir búi í trénu. Við spurningunni er ekki til neitt eitt svar en það er víst að svörin verða ólík. Einnig má spyrja nemendur um hve marga þeir telja búa í trénu. Hægt er að líkja trénu við íbúðarblokk þar sem blokkin er eitt stórt hús þó að hún rúmi mörg heimili.

Á vettvangi: Nemendum er skipt í hópa. Hver hópur fær í hendurnar greiningarlykil og hvítan dúk. Nemendur hvers hóps eiga að velja sér í sameiningu tré á því svæði sem kennari ákveður. Kennari gefur fyrirmæli um að nemendur eigi að greina tegund trésins og skoða svo lífríki þess með því að breiða dúkinn í kringum það og hrista það létt. Kennari getur lagt greiningardúkinn á mitt svæðið þannig að nemendur geta komið þangað til að greina smádyr ef einhver eru.

Mikilvægt er að brýna fyrir nemendum að trén eru lifandi og að okkur ber að fara um þau með virðingu. Einnig er mælt með að lífverur sem falla úr trjánum séu skildar eftir við trjáræturnar.

Á svæðinu er einkum að finna sitkagreni, stafafuru, ösp, gulvíði, birki og reynitré. Lífverur sem finna má í trjánnum eru helst fiðrildalirfur og blaðlís en einnig flugur, stökkmor, köngulær ofl. Líklegt er að nokkuð af könglum og/eða fræjum falli til jarðar er tréð er hrist.

+ Til nánari greiningar á smádyrum má benda á bókina *Dulin Veröld*.

++ Þegar búið er að hrista smádyrin niður á dúkinn má nota *skordýraveiðu* til að geta skoðað þau betur.

Úrvinnsla og ígrundun: Hóparnir koma saman og segja hinum frá trénu sínu, tegund þess og því sem þeir fundu.